

Föstudaginn 13. mars 1998.

Nr. 115/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Davíð Garðarssyni

(Karl G. Sigurbjörnsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. mars nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Sóknaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdóms til lengingar á gæsluvarðhaldstíma. Verður úrskurðurinn því staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1998.

Ár 1998, miðvikudag 11. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Davíð Garðarssyni, kt. 190869-5399, Lauga-vegi 20 a, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins

24. mars 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík rannsakar nú innflutning á rúmlega einu kíló af amfetamíni, sem kærði er grunaður um aðild að ásamt Sigurði Erni Ágústssyni. Rannsókn þessa máls hófst, þegar lögreglan fékk upplýsingar um það, að kærði ætti von á miklu magni af amfetamíni frá Hamborg. Í tengslum við þá rannsókn komst lögreglan að því, að von væri á bifreið frá Hamborg, sem væri flutt inn af vini kærða, Sigurði. Rúmlega eitt kíló af amfetamíni fannst í bifreiðinni. Kærði og Sigurður hafa báðir neitað aðild að innflutningi amfetamínsins, en kærði hefur borið, að hann hafi veitt Sigurði aðstoð við kaup á umræddri bifreið og innflutningi hennar.

Með hliðsjón af gögnum málsins og ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga, er lögreglunni bærust í upphafi þessa máls, sem leiddu til þess, að lögreglan fann amfetamín í bifreið, sem vinur kærða flutti inn til landsins með aðstoð kærða, verður að telja, að kominn sé fram rökstuddur grunur um aðild kærða að innflutningi fyrrgreinds amfetamíns, en það gæti varðað hann fangelsi samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga. Fallist er á það með lögreglu, að hætta sé á, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, sem er á frumstigi, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, færi hann frjáls ferða sinna, en ennþá er óljóst, hvort fleiri menn kunna að eiga hlutdeild í umræddum innflutningi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er fallist á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 18. mars nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Davíð Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. mars 1998 kl. 16.00.
